

Ed.

397. Frumvarp til laga

[172. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á flugvél, sem aðallega væri notuð á flugleiðum innanlands. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði flugvélar með fylgifé, þó eigi fyrir hærri fjárhæð en 32 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 43 1964 var ríkisstjórninni heimilað að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á nýrri flugvél af gerðinni Fokker Friendship til notkunar á innanlandsleiðum. Mátti ábyrgðarfjárhæðin nema allt að 80% af kaupverði vélarinnar með fylgifé, þó eigi hærri fjárhæð en 32 millj. króna. Ábyrgðarheimild þessi hefur nú verið notuð og mun umrædd vél koma til landsins í næsta mánuði.

Flugfélagið telur sér mikla nauðsyn að eignast tvær Friendship flugvélar til þess að geta veitt sem bezta þjónustu á innanlandsleiðum í samræmi við áætlanir, sem gerðar hafa verið um það efni. Hefur því félagið ákveðið að ráðast í kaup á annarri vél af þessari gerð, en til þess að það geti orðið þarf ríkisábyrgð á láni, sem nemi allt að 32 millj. kr., eða jafnhárra fjárhæð og ábyrgzt hefur verið fyrir fyrri vélina. Þar eð ríkisstjórnin vill stuðla að því, að kaup þessi takist, er með frumvarpi þessu farið fram á heimild Alþingis til að veita umbeðna ríkisábyrgð.